

Að breyta upplifun nemenda á vinnuálagi

Páll Þór Ingvarsson

Bakgrunnur og aðferðir: LYF122G Líftæknilyf hefur hlotið harða dóma í kennslukönnunum vegna flókins efnis og mikils vinnuálags. Í tilraun til að breyta viðhorfi nemenda voru gerðar þrjár meginbreytingar á áfanganum á milli haustannar 2023 og 2024 og niðurstöður úr kennslukönnun (2022-2024) nýttar til að meta árangur breytinganna. Í fyrsta lagi var ABC (Arena Blended Connected) nálgun notuð til að dreifa tileinkun, umræðum, samvinnu, rannsóknum, afurð og æfingum jafnt yfir önnina og til að stilla í hóf samliggjandi tileinkun. Í öðru lagi var mætingarskylda í hópverkefnatíma aflögð með því að fara úr Team Based Learning yfir í Problem Based Learning með aðstoð kennara í verkefnatímum. Í þriðja lagi var nemendum gefinn kostur á að hafa áhrif á kennsluáætlun með því að velja hvaða lyf var unnið með í hópverkefnum og kynna síðan fyrir samnemendum í lok áfangans sem hluta af námsefni til prófs. Síðast en ekki síst var nemendum útvegaður listi með þröskuldshugtökum í upphafi námskeiðs til aðstoðar við tileinkun orðaforða.

Niðurstöður og ályktanir: Heildareinkunn áfanga fór úr 7,47-7,88 upp í 9,38 eftir breytingar. Við athugun á hvað skýrði þennan jákvæða viðsnúning kom í ljós að í samanburði við önnur námskeið hafði skynjun nemenda á vinnuálagi minnkað (2,50 samanborið við 4,25-4,33) ásamt þyngd námsefnis (2,75 samanborið við 4,25-4,33) þrátt fyrir mjög takmarkaðar breytingar í magni lesefnis, fyrirlestra eða fjölda hópvinnutíma. Á sama tíma fór mat nemenda á eigin framlagi úr 3,91-4,21 upp í 4,59. Mikilvægast og áhugaverðast, þá hafði áhugi nemenda á námsefninu aukist til muna eftir breytingu (4,50 samanborið við 3,20-3,38) auk þess sem mat nemenda á auknum skilningi námsefnis fór úr 3,88-4,00 upp í 4,50. Þessi rannsókn sýnir að breytingar í kennsluaðferðum geta haft áhrif á skynjun nemenda á vinnuálagi og áhuga þeirra á námsefni án skerðingar námsgæða.